

31. október	Krufning	Jóhann, Anna D og Gulla
-------------	----------	-------------------------

Inngangur

Við ætlum að komast að því hvernig líffæri músa eru. Við krufðum mýs af því að líffæri þeirra eru mjög lík líffærum mannsins.

Mýs eru spendýr. Þekkasta músin er húsamús (*Mus musculus*). Mýs eru oftast taldar meindýr. Þær eru einnig vinsæl gæludýr og mikið notaðar sem tilraunadýr við vísindarannsóknir. Hagamýs eru litlar (oftast um 9 cm að lengd án hala og 25-35 g að þyngd), með kringlótt eyru og langan hala. Þær eru mjög líkar húsamúsum í útliti nema húsamúsir er grárri, grábrún eða gulbrún að ofan en ljósari á kviðnum, og augun eru líka stærri.

Heimild – Wikipedia.org

Framkvæmd

Við byrjuðum að opna boxið með músunum og voru með miklum vonbrigðum því að við bjuggumst við stórum rottum, en við fengum bara litlar mýs. Við byrjuðum á því að finna okkur pappaspjald og strekkja músina niður.

Svo mældum við flesta útlimi og tennur músarinnar. Við skárum músina upp, niður kviðinn frá höfði til skotts. Við tókum skinnið frá til þess að við myndu sjá vöðvana undir skinninu. Því næst opnuðum við inn í brjóstholið og skoðuðum líffærin þar. Svo opnuðum við inn í kviðarholið þar sem þarmarnir og meltingarfærin eru. Við drógum þarmana út með tóng og mældum lengd þeirra. Eftir þetta þrifum við allt upp og gengum frá eftir okkur.



Niðurstaða

Músir sem að við fengum var kvendýr. Við þessa krufningu komust við að því að líffærakerfi músa er eins og hjá mönnum, enda eru þær spendýr. Hún var 18cm með skottinu en skottið var 9cm eitt og sér, Þarmarnir voru 31cm að lengd, neðri tennurnar voru 1,5cm, Hjartað 0,8x0,5cm, höfuðið var 2cm, framloppurnar voru 2cm og aftur loppurnar 3cm. Og þetta var líka mjög gaman

